

fyrir einhver viss störf. Og þannig hafa menn oftast litið á mentun. Vitaskuld hefir ekki öll fræðsla sömu þýðingu fyrir andlegan þroska; sumt, sem kent er í skólum hefir að líkindum lítið eða engin mentandi áhrif á nemendur. Þess vegna er sú skoðun á rökum byggð, að skólamentun eigi að haga eftir því sem gagnlegast sé. En alveg er það rangt á litið að öll mentun sé gagnslaus, sem ekki hefir praktíska þýðingu.

Það hefir lengi brunnið við hjá okkur Íslendingum, að við höfum misskilið tilgang skólamentunar. Lengst af hefir það verið almennasta skoðunin meðal okkar, að menn ættu að ganga "skólavegin" til þess að verða embættismenn, eða að minsta kosti til þess að komast í einhverjar skárri stöður fyrir ofan bændur og alþýðufólk. Allir íslenskir skólar hafa því verið skoðaðir sem undirbúnings-skólar, jafnt þeir sem veita almenna mentun og hinir, sem undirbúa menn fyrir viss störf og stöður. Hér hjá okkur Vestur-Íslendingum loðir þessi skoðun við. Okkar hugmynd er sú að skólanámið eigi eingöngu að vera til þess að hjálpa mönnum til þess að "komast áfram," eins og að orði er komist. Reyndar er það stundum nokkuð óákveðið við hvað er átt með orðunum: "að komast áfram," en vanalega er átt við með þeim, að ná í góða atvinnu, eða komast í góð efni, eða